



## Skráning á teikningum

**Páll Ingólfsson  
Helga B. Sveinbjörnsdóttir**

**Greinargerð PI-HBS-99/02**

1999-05-04

---

## Skráning á teikningum

### 1. Formáli

Á Orkustofnun hefur verið litið svo á frá stofnun hennar að myndir og teikningar væru sjálfstæð gögn eða einingar sem þurfi að skrá og varðveita sérstaklega. Myndir þarf því að skrá og ef vel á að vera þarf að vera hægt að ganga að þeim í frumriti, því algengt er að óskað sé eftir að fá að endurbirta eða fá sereintak af hinum ýmsu myndum.

Allar myndir sem teiknaðar eru á teiknistofnunni eru skráðar með sérstóku skráningarnúmeri samkvæmt kerfi sem komið var á strax í upphafi. Lengi vel voru allar myndir handteiknaðar og hafa þær jafnframt verið skráðar inn í frumritabækur. Auk þess hafa upplýsingar um allar skráðar myndir verið færðar inn í sérstaka skrá á Oracle gagnagrunni. Þar er hægt að finna skráðar myndir og leita að myndum eftir skráningarlykil.

Nú er svo kmið stór hluti mynda er teiknaður í tölvu af einstökum starfsmönnum, fyrst og fremst á ROS og VM, sem hluti af rannsóknarverkum. Þær eru síðan felldar inn í textaskrár skýrslna eða greinargerða eða skrifaðar út sér og settar inn í texta við lokafrágang handrits.

Þessar sérteiknuðu tölvumyndir hafa aðeins að hluta verið skráðar samkvæmt skráningarkerfi teiknistofu, m.a. verið látið nægja að hafa myndir teiknaðar í Oracle skráðar sem slíkar. Hefur þetta ýmist verið á þann veg að höfundar mynda hafa fengið númer á teiknistofu eða skráningin hefur farið fram þegar myndirnar koma til útgáfu ásamt texta.

### 2. Tillaga um skráningu

Með tilliti til þess sem að ofan er sagt þarf að taka afstöðu til þess hvort og þá hvernig skrá skuli tölvuteiknaðar myndir. Við undirrituð teljum að æskilegt/nauðsynlegt sé að hafa sameiginlega teikningaskrá í framhaldi af þeirri sem varðveitt er á teiknistofu og skráð er í Oracle gagnagrunni, en ákveðnar breytingar þurfi að gera.

Í skráningargrunni teiknistofunnar eru eftirfarandi atriði:

Frumritanúmer - stærð - fangamark teiknara - deild - undirdeild - hrepps- eða vatnasviðsnúmer - fangamark höfundar - heiti teikningar.

Tillaga okkar er sú að skráningin verði byggð á:

1. Frumritanúmeri: ár - mánuður - hlaupandi númer frá áramótum.
2. Hrepps- eða vatnsviðsnúmeri (ROS eða VM).
3. Upplýsingum um tekniforrit og nafn tekniskrár á tölvu.
4. Fangamarki höfundar.
5. Heiti teikningar.

Samkvæmt eldri venju hafa teikningar verið merktar þannig (dæmi):

Á eftir OS-merki - JHD JEL 6000 ABC (efri lína)  
95.10.0245 ABC (neðri lína).

Í staðinn verði tölvuteikningar merktar þannig:

Á eftir OS-merki ORKUSTOFNUN (efri lína) - 95.10.0245 HÖF (neðri lína),  
eða aðeins: OS-merki - 95.10.0245 HÖF - í þeim tilfellum að þær eigi að birtast í tíma-  
ritum, íslenskum eða erlendum þar sem hætta er á stærri merkingin yrði tekin út af mynd-  
inni eins og oft hefur gerst og valdið hefur óþægindum.

Við gerum ráð fyrir að þegar höfundur hefur lokið við teikningu skrái hann hana inn í  
teikni-gagnaskrá með því að fylla út skráningarkerfið, og þá fær hann frumritanúmer hjá  
umsjónamanni skrárinnar og setur það inn á teikninguna samkvæmt staðalformi. Eftir að  
teikningin er komin inn í gagnaskrána má höfundur ekki breyta henni né eyða nema láta  
umsjónamann vita.

Teikningar yrði þannig skráðar í tölvu, en æskilegt er þó að afrit af sem flestum þeirra  
verði í teikningageymslum eins og hingað til.

ATHS.

**Endurskoðun á greinargerð sömu höfunda frá 8. nóvember 1995.**